

RANNSÓKNASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Borgum v/Norðurslóð

Sími 460-8900, Fax 460-8919

Netfang: gh@unak.is

Veffang: <http://www.unak.is/rha>




VIRKJUM ALLA! – RAFRÆNT SAMFÉLAG

**KÖNNUN MEÐAL FÓLKS Í ÞREMUR
SVEITARFÉLÖGUM Í S.-ÞINGEYJARSÝSLUM**

Áfangaskýrsla 1

Hjörðís Sigursteinsdóttir

Janúar 2005



Efnisyfirlit

1.	INNGANGUR	4
1.1.	FORMÁLI.....	4
1.2.	FRAMKVÆMD OG HEIMTUR	5
1.3.	ÚRVINNSLA.....	6
2.	NIÐURSTÖÐUR.....	8
2.1.	TÖLVULÆSI.....	8
2.2.	TÖLVUNOTKUN	9
2.3.	GRUNNGERD FJARSKIPTA.....	13
3.	ÍTARLEG GREINING EFTIR BAKGRUNNSPÁTTUM	18
4.	SPURNINGALISTINN ÁSAMT DREIFINGU SVARA	54

1. Inngangur

1.1. Formáli

Sveitarfélögin Aðaldælahreppur, Húsavíkurbær og Þingeyjarsveit vinna í sameiningu að uppbyggingu á rafrænu samfélagi sem á að stuðla að eflingu þekkingar og menntunar sem lið í atvinnuþróun og bættum lífsgæðum í byggðarlaginu til framtíðar. Heiti verkefnisins er „Skjálfandi í faðmi þekkingar. Rafrænt samfélag við Skjálfanda.“ Verkefninu er skipt upp í fimm meginþætti:

- Greining á stöðu mála
- Fræðsla og hvati fyrir íbúana
- Uppbygging á rafrænni grunngerð
- Uppbygging á rafrænni þjónustu
- Uppbygging á rafrænum viðskiptum.

Rannsóknastofnun Háskólags á Akureyri¹ var falið að vinna að „greiningu á stöðu mála“ sem felur í sér athugun á tölvuþekkingu, tölvunotkun og grunngerð fjarskipta á svæðinu. Verkefnið skiptist í þrennt: (1) stöðugreiningu í upphafi verkefnis, (2) athugunum á verkefnistímanum og (3) og athugunum undir lokin til að sjá hvernig til hefur tekist. Gerðar verða tvær áfangaskýrslur og síðan lokaskýrsla við verklok.

Þessi skýrsla er fyrri áfangaskýrslan þar sem niðurstöður úr fyrsta verkhulta eru settar fram. Skýrslan er unnin af starfsmönnum Rannsóknastofnunar Háskólags á Akureyri. Höfundur skýrslunnar er Hjörðís Sigursteinsdóttir, rekstrar- og stjórnfræðingur en Kjartan Ólafsson, félagsfræðingur hefur einnig komið að verkefninu.

¹ Rannsóknastofnun Háskólags á Akureyri (RHA) er sjálfstæð stofnun innan Háskólags á Akureyri. Hlutverk RHA er að stuðla að og styðja við vísindalega starfsemi innan Háskólags og er stofnunin tengiliður milli Háskólags og atvinnulífsins hvað varðar rannsókna- og þróunarstarf. RHA aflar tekna til starfsemi sinnar með öflun rannsóknastyrkja, verkefnum og þjónustu


1.2. Framkvæmd og heimtur

Í þessum verkhluta var gagna aflað á tvennan hátt, í fyrsta lagi með símakönnun og í öðru lagi með nokkrum viðtölum. Símakönnuninni er ætlað að mæla með stöðluðum hætti ýmsa þætti er varða tölvulæsi, notkun og grunngerð fjarskipta. Í viðtölunum er hins vegar leitast við að rýna nánar í upplifun fólks af notkun tölva og rafrænna samskipta.

Símakönnunin:

Rannsóknin náði til íbúa í Aðaldælahreppi, Húsavík og Þingeyjarsveit, á aldrinum 18-80 ára sem búsettir voru í þessum sveitarfélögum þann 1. ágúst 2004. Úrtakið var fengið á þann hátt að valinn var einn einstaklingur af handahófi af hverju heimili í Aðaldælahreppi og Þingeyjarsveit og öðru hverju heimili á Húsavík, samtals 527 manns. Af þeim reyndust 23 vera fluttir eða af öðrum orsökum óaðgengilegir. Endanlegt úrtak varð því 504 manns og endurspeglæði það nokkuð vel aldurs- og kynjaskiptingu íbúa sveitarfélaganna þriggja.

Hringt var í einstaklingana dagana 13. til 24. september 2004. Alls náðist samband við 459 manns sem er 91% af endanlegu úrtaki. Það féllust 364 manns á að svara spurningalistanum og telst svörun því vera 72%, sem er ágætlega viðunandi í rannsókn sem þessari og yfir landsmeðaltali kannana. Tæplega 19% einstaklinga neitaði að taka þátt í könnuninni.



Mynd 1. Svarhlutfall

Engin teljandi tengsl eru milli svörunar og þeirra bakgrunnsþáttar sem til skoðunar eru. Þannig er hlutfall karla og kvenna hið sama í hópi þeirra sem svara og í hópi þeirra sem neita að taka þátt. Svarendur könnunarinnar endurspeglar nokkuð vel búsetuskiptingu milli sveitarfélaganna þriggja.

Viðtölin:

Tekin voru viðtölvið alls sex einstaklinga, þrjá frá Húsavík, two úr Þingeyjarsveit og einn úr Aðaldælahreppi. Leitast var við að kynjahlutfall yrði jafnt og að talað væri við fólk á mismunandi aldursskeiði. Viðtölin fóru fram dagana 14. - 17. janúar 2005.

1.3. Úrvinnsla

Í skýrslunni eru greind svör fólks við fjölmörgum spurningum sem ætlað er að meta ýmsa þætti sem talið er að séu til marks um tölvulæsi, tölvunotkun og grunngerð fjarskipta. Þessar spurningar eru greindar eftir nokkrum bakgrunnsþáttum, þar á meðal: Kynferði, aldri, búsetu, heimilisaðstæðum, menntun og tekjum. Niðurstöður greininga eru settar fram í myndum, eftir því sem við á, sem sýna hlutfall þeirra sem svara á tiltekinn hátt ásamt stuttri túlkun. Inn í umföllunina er einnig fléttad viðhorfum sem fram komu í viðtölunum.

Nánari tölfræðilegar greiningar er að finna í 3. kafla og í 4. kafla er að finna allan spurningarlistann með hlutfallstöllum.

Hafa ber í huga að hér er um úrtaksrannsókn að ræða en slíkar rannsóknir byggjast á þeirri forsendu að unnt sé að skoða hegðun og meta viðhorf stórra hópa fólks með því að spyra hluta hópsins sé þess aðeins gætt að þeir sem rætt er við hafi ekki aðrar skoðanir eða hegði sér á annan hátt en þeir sem ekki er rætt við. Þetta er venjulega tryggt með því að velja þá sem rætt er við af handahófi úr hópi allra mögulegra viðmælenda (dregið er slembiúrtak) og leitast við að ná til eins stórs hluta þeirra og mögulegt er (svörun sé viðunandi). Þessi aðferð felur þó í sér að búast má við að niðurstöður rannsóknar víki lítillega frá því sem verið hefði ef rætt hefði verið við alla mögulega viðmælendur (í þessu tilviki alla íbúa í Aðaldælahreppi, Húsavík og Þingeyjarsveit á aldrinum 18-80 ára). Áreiðanleiki niðurstaðna í þessari

rannsókn er metinn með viðeigandi tölfraðilegum aðferðum í hvert sinn og er tekið mið af slíkri greiningu í umræðu um tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnsþáttta sem til skoðunar eru.

2. Niðurstöður

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr grunnrannsókn á töl vulæsi, tölvunotkun og grunngerð fjarskipta. Stuðst er við niðurstöður úr símakönnun meðal almennings í Aðaldælahreppi, Húsavík og Þingeyjar sveit sem og viðtölum við valda aðila úr þessum sveitarfélögum.

2.1. Töl vulæsi

Fólk í sveitarfélögnum þemur er misjafnlega í stakk búið til þess að tileinka sér þá tækni sem tölvubytingin hefur haft í för með sér. Misjafnar orsakir geta legið þar að baki t.d. aðgengi, þekking, tími og áhugi. Í könnuninni kom í ljós að færni fólks til þess að nota tölvur heilt yfir er frekar bágborin. Fleiri telja sig hafa frekar litla eða alls enga færni í að nota tölvur en þeir sem telja sig hafa mjög mikla eða í meðallagi færni.

Á þessu er þó umtalsverður munur milli einstaklinga og hafa bakgrunnsþættir þeirra töluvert um tölvufærnina að segja, bæði þættir er varða einstaklinginn sjálfan sem og umhverfi hans. Í ljós kom nokkur munur á tölvufærni fólks eftir kynferði² en heilt yfir virðast konur hafa mun meiri færni í að nota tölvur en karlar. Þessi almenni munur milli kynja er þó ekki til staðar á öllu svæðinu, heldur er hann mestur á Húsavík en mun minni í dreifbýlinu. Í Aðaldælahreppi er kynjamunurinn þó ekki marktækur. Aldur³ hefur einnig töluvert mikil áhrif á tölvufærnina. Eftir því sem einstaklingurinn er eldri þeim mun minni færni hefur hann í því að nota tölvur og á þetta við um einstaklinga á öllu svæðinu. Einig hafa bæði menntun⁴ og tekjur⁵ áhrif á tölvufærnina, þannig að meiri menntun og hærri tekjur þýðir að einstakingurinn hafi meiri færni í að nota tölvur. Hvað heimilisaðstæður⁶ varðar kemur í ljós að einstaklingar sem búa með börn inni á heimilinu hafa mun meiri færni í að nota tölvur en þeir sem ekki búa með börnum.

² ($Tau-c=,21; \alpha=,000$)


³ ($Tau-c=,46; \alpha=,000$)

⁴ ($Tau-c=,33; \alpha=,000$)

⁵ ($Tau-c=,34; \alpha=,000$)

⁶ ($Tau-c=,37; \alpha=,000$)

Flestir svara því til að þeir hafi lært á tölvu með „fíkti“, þ.e. hafi lært af sjálfum sér. Um 28% svarenda hafa farið á tölvunámskeið og eru það aðallega einstaklingar komnir á miðjan aldur eða eldri, og mjög margir þeirra sem eru 60 ára og eldri. Yngri einstaklingarnir læra helst á tölvur af sjálfum sér eða í skólanum en fólk á miðjum aldri á vinnustað.



Mynd 2. Hvar hefur þú helst öðlast þekkingu eða færni í að nota tölvu?

Greinilegt er að fólk sem kynnist tölvum hvort sem er í gegnum vinnu, skóla, áhugamál eða í gegnum börnin sín notar tölvuna við það sem það er að sýsla við. Þekkingin er að miklu leyti bundin við það sem fólk þarf að gera hverju sinni eða hefur áhuga á að kynnast. Greina má áhuga á að auka þessa þekkingu, en aðallega er boríð við tímaleysi frekar en aðgengi að námskeiðum. Helst voru það Word og Excel námskeið sem fólk hafði áhuga á að skoða.


Segja má að helsta niðurstaðan hér sé sú að fólk hafi mismikla þekkingu á tölvum og áhugi sé klárlega fyrir hendi að auka hana. Einnig er talsvert af fólk sem hefur enga tölvuþekkingu og á þetta sérstaklega við um fólk eldra en 45 ára og fólk þar sem engin börn eru eða hafa verið inni á heimili síðustu árin. Þar er því nær um óplægðan akur að fara.

2.2. Tölvunotkun

Hvað er það helst sem tölvunotendur á athugunarsvæðinu sækja í og hafa áhuga á? Segja má að það sé jafn misjafnt eins og áhugamál einstaklinganna sjálfra. Í þessari rannsókn var notkun tölvupósts og internetsins tekin sérstaklega til skoðunar, þ.e.a.s. rafræn samskipti. Tölvupóstur er mjög

vaxandi samskiptaleið en þannig er hægt að koma upplýsingum fram og til baka á mjög fljótvirkan hátt. Internetið nýtur síaukinna vinsælda og er orðinn mjög öflugur upplýsingamiðill en með internetinu er hægt að koma upplýsingum á framfæri til einstaklinga á mjög aðgengilegan hátt.

Megin þorri einstaklinga á svæðinu notar tölvupóst og í flestum tilvikum heima hjá sér en einnig eru mjög margir sem nota tölvupóstinn bæði á heimili og á vinnustað eða skóla. Einstaka maður notar tölvupóst hjá öðrum aðila og nokkrir svara því til að þeir noti ekki tölvupóst. Notkun tölvupósts tengist gjarnan vinnu fólks en einnig í samskiptum við fjöldskyldu og vini sem búsettir eru annarsstaðar á landinu eða erlendis. Í langflestum tilvikum er fólk fært um að senda viðhengi með þó margir nýti sér þann kost að öllu jöfnu ekki.



Mynd 3. Ertu með tölvupóstfang?

Yfir 90% þáttakenda hefur farið á „netið“. Mjög misjafnt er hversu oft þeir nota internetið, sumir daglega og jafnvel oftar meðan aðrir nota það eitthvað í hverri viku eða jafnvel sjaldnar. Einstaklingar sem sækja skóla eða vinna nota internetið mest en meirihluti þeirra fer á netið oft á dag og í það minnsta daglega. Fólk notar netið einnig töluvert mikið heima hjá sér því nær 80% einstaklinganna fer þar á netið vikulega eða jafnvel oftar. Netnotkunin heima er háð aldri⁷ þannig að hækkandi aldur þýðir minni netnoktun. Rétt um helmingur einstaklinga 25 ára og yngri notar netið heima oftar en einu sinni á dag. Einnig hefur menntun áhrift á internetnotkunina bæði heima⁸ og í vinnu⁹


⁷ (Tau-c=.20;α=.000)

⁸ (Tau-c=.12;α=.029)

⁹ (Tau-c=.37;α=.000)

þannig að meiri menntun þýðir að viðkomandi notar internetið meira. Ekki er hægt að greina neina fylgni milli búsetu svarenda og notkunar internetsins.

Internetið er veigamikill þáttur í tölvunotkun fólks og er þó nokkuð um það að fólk hafi litla kunnáttu í notkun helstu forrita svo sem word og excel en bjargar sér þokkalega á netinu og getur náð í þær upplýsingar þar sem það sækist eftir. Þekking fólks á notkun internetsins hefur aðallega áunnist með „fíkti“ og eða með stuðningi og þrýstingi vina og barna.



Mynd 4. Hversu oft notar þú internetið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang?

Kannað var hversu oft svarendur nýta sér internetið til þess að eiga bankaviðskipti, kaupa vörur, senda viðhengi, vinna með myndir, framkalla myndir, nota MSN eða spjall og sækja eða skoða gögn á vefsíðu sveitarfélaga.


Af þessum þáttum nota hlutfallslega flestir netið til þess að senda viðhengi og eiga bankaviðskipti. Tæplega þriðjungur svarenda notar netið nokkrum sinnum í mánuði eða oftar til þess að sækja eða skoða gögn á vefsíðu sveitarfélagsins. Sárafair nota netið til þess að kaupa vörur, enda svarar þriðjungur því til að þeir séu mjög eða frekar sammála því að það sé varasamt að eiga viðskipti á netinu. Aldur¹⁰,menntun¹¹ og tekjur¹² hafa áhrif á þetta viðhorf þannig að hærri aldur og minni menntun og tekjur þýðir hærra hlutfall sem telur slík viðskipti varasöm.

Þó má segja að það hafi komið fram ákveðin trú hjá fólk á rafræn viðskipti t.d. hvað varðar heimabankann og kaup á farseðlum og hótelum í gegnum netið. Fólk virtist nokkuð meðvitað um öryggi og læsingu slíkra heimasíða.

¹⁰ (Tau-c=,15;α=,000)

¹¹ (Tau-c=,11;α=,027)

¹² (Tau-c=,17;α=,000)



Mynd 5. Hversu oft notar þú internetið til þess að gera eftirtalda hluti?

Kynferði hefur ekki áhrif á internetnotkun fólks varðandi þessa þætti sem til skoðunar voru. Hins vegar hefur aldur töluverð áhrif á til hvers einstaklingarnir nota internetið eins og glöggt kemur fram í töflu 1. Heilt yfir má sjá að notkun á þessum þáttum minnkar með hækkandi aldri, nema þar sem greiðsla þarf að eiga sér stað (kaupa vörur, framkalla myndir) og sókn í heimasíður sveitarfélaga. Meira en helmingur einstaklinga á aldrinum 26-59 ára skoðar heimasíður sveitarfélaganna í upplýsingaleit en einnig eru elsti og yngsti aldurshópurinn virkir í því.

Hvað varðar „að eiga bankaviðskipti“ kemur nokkuð á óvart hversu hátt hlutfall einstaklinga 60 ára og eldri notfærir sér þá þjónustu á netinu en það gerir þriðjungur þeirra. Fram kom að kaupstaðaferðum fækkaði verulega hjá þeim sem búa í dreifbýlinu og notfæra sér þessa þjónustu. En einnig kom fram ákveðin eftirsjá hvað varðar persónuleg samskipi við gott fólk.

Tafla 1. Hlutfall sem notar internetið mánaðarlega eða oftar

Pættir:	25 ára og yngri	26-45 ára	46-59 ára	60 ár og eldri
Eiga bankaviðskipti	62,2	65,7	44,4	31,4
Kaupa vörur	6,6	7,4	7,0	2,9
Senda viðhengi	80,0	65,5	41,7	34,3
Vinna með myndir	37,8	33,3	19,6	17,2
Framkalla myndir	6,6	14,1	15,3	2,9
Nota MSN eða spjall	75,5	26,3	9,7	11,5
Sækja/skoða gögn á vefsíðu hjá sveitarfélagi	26,7	55,2	57,0	31,5

Um fjórðungur svarenda notar MSN eða spjall mánaðarlega eða oftar. Þetta er aðallega fólk sem er 25 ára eða yngra. Það virðist vera mjög meðvitað um hversu miklar upplýsingar má gefa fólk sem það þekkir ekki og miðast notkunin aðallega við vinahóppinn. Mikill meirihluti svarenda (75%) telur að það sé varasamt að vera í samskiptum við fólk á netinu sem maður þekkir ekki. Hér má sjá mun á svörum fólks eftir kyni¹³ og aldri¹⁴ þannig að konur telja í meiri mæli en karlar að slík samskipti séu varasöm sem og fólk eldra en 25 ára. Ennfremur telur rúmlega helmingur svarenda (52%) að aldrei sé hægt að vera of varkár í samskiptum við aðra. Aldur og menntun hefur þau áhrif á þessa fullyrðingu að hærri aldur¹⁵ og minni menntun¹⁶ þýðir hærra hlutfall sem telur að aldrei sé hægt að sýna of mikla varkární í samskiptum við aðra.

Segja má að helsta niðurstaðan hér sé sú að fólk nýti sér almennt rafraen samskipi heima fyrir, bæði tölvupóst og internetið. Þetta á jafnt við um dreifbýlið sem þéttbýlið, unga sem aldna og konur sem karla. Notkunin er þó ólík eftir aldri enda áhugamál yngra fólksins yfirleitt annars eðlis en hjá þeim eldri. Þó fólk hafi aðgang að netinu í vinnu og skóla er það einnig að nýta sér rafraen samskipti heima hjá sér.

2.3. Grunngerð fjarskipta

Hversu stór hópur hefur í raun aðgang að interneti í þessum sveitarfélögum og hvernig er þessum tengingum háttað? Skemmt er frá því að segja að 83% svarenda hefur aðgang að internetinu, þar af eru tæplega 77% sem hafa aðgang að því heima hjá sér. Tæplega 20% svara því til að þau hafi ekki áhuga á að nota netið meira en þau gera í dag. Þetta er aðallega eldra fólk, sérstaklega karlmenn.

Aðgengi að internetinu er misjafnt eftir kynferði¹⁷. Mun fleiri konur hafa aðgang að internetinu en karlar en einnig kemur fram að mun fleiri karlar en konur hafa eingöngu aðgang að internetinu heima hjá sér. Einnig eru tengsl milli aldurs¹⁸ og aðgengi að internetinu þannig að hærri aldur þýðir hærra

¹³ (Tau-c=,14;α=,010)

¹⁴ (Tau-c=,13;α=,001)

¹⁵ (Tau-c=,19;α=,001)

¹⁶ (Tau-c=,13;α=,022)

¹⁷ (Tau-c=,18;α=,002)

¹⁸ (Tau-c=,26;α=,000)

hlutfall með ekkert aðgengi að internetinu. Hvað búsetu¹⁹ varðar munar mestu á hvar fólk er með aðgang að internetinu. Þannig er mun hærra hlutfall fólks sem býr utan Húsavíkur bara með aðgang að internetinu heima á meðan Húsvíkingar hafa aðgang að því bæði í vinnu eða skóla og heima hjá sér. Sama er að segja um menntun²⁰ og tekjur²¹ þ.e. þeir sem hafa háskólagráðu og meiri menntun hafa aðgang að internetinu bæði á vinnustað og heima en aðrir í mun meira mæli aðeins heima. Greina má sterkt tengsl milli aðgengis að internetinu og fjölskylduaðstæðna²² þannig að heimili með börnum er mun líklegra til þess að hafa tölvu með internettengingu en heimili án barna.

Þá er spurningin um hversu góðar þessar tengingar eru sem fólk hefur og hvort sjá má mun á þeim milli svæðanna. Skipta má internettengingum í two flokka, annars vegar háhraðatengingar eða sítengingar (LAN og ADSL) og hins vegar upphringisambönd (ISDN og módem). Tæplega 61% svarenda nota upphringisambönd til þess að komast á internetið. Hér má greina mikinn mun á milli svæða²³ því tæplega 39% Húsvíkinga svara því til að þeir noti upphringisambönd en tæplega 83% þeirra sem búa utan Húsavíkur. Þetta hefur reynst þeim sem búa²⁴ utan Húsavíkur mikil hindrun í að nota internetið eða aðrar rafrænar samskiptaleiðir meira en þeir hafa gert fram til þessa. Fólk í dreifbýlinu sem notar internetið eitthvað að ráði er þó að nýta sér það besta sem það á völ á í dag (ISDN+) en telja sig ekki sitja við sama bord og þeir sem hafa aðgang að ADSL.

Kostnaður hefur einnig áhrif á internetnotkun þannig að þeir sem búa²⁵ utan Húsavíkur telja í meira mæli en Húsvíkingar að það sé þáttur sem sé mikil eða frekar mikil hindrun í að nota internetið eða aðrar rafrænar samskiptaleiðir meira en þeir hafa gert fram til þessa. Þetta getur einnig haldist í hendur við tenginguna því öllu jöfnu eru upphringisamböndin dýrari þegar á heildina er litið en háhraða- eða sítenging. Dregið hefur þó úr þessum þætti eftir að

¹⁹ Tau-c=.23;α=.000)

²⁰ (Tau-c=.19;α=.000)

²¹ (Tau-c=.19;α=.000)

²² (Tau-c=.35;α=.000)


²³ (Tau-c=.40;α=.000)

²⁴ (Tau-c=.38;α=.000)

²⁵ (Tau-c=.11;α=.002)


ISDN+ varð valkostur því fólk sem notar það telur kostnaðinn hafa lækkað við þær breytingar.

Tekjur²⁶ hafa ennfremur áhrif á internetnotkunina þannig að þeir sem hafa lægri tekjur setja kostnaðinn fyrir sig og telja hann töluverða hindrun við að nota netið meira en þeir gera.



Mynd 6. Hvers konar tenging er við internetið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang?


Helmingur þátttakenda í könnuninni telur hvorki lélega tengingu, kunnáttuleysi né kostnað hindrun í að nota internetið. Flestir telja að léleg tenging við internetið sé helsta orsök þess að þeir noti internetið eða aðrar rafrænar samskiptaleiðir minna en ella. Rétt um 11% telja kostnað vera mikla hindrun í að nota netið.



Mynd 7. Hafa þessir þættir áhrif á internetnotkunina?

²⁶ ($\text{Tau-c}=10; \alpha=,014$)

Ennfremur var spurt hvort viðkomandi nýtti sér GSM, SMS, MMS, ferðatölву, Vit eða lófatölву. Nær allir sem svara þessari spurningu eiga GSM síma og mjög margir notfæra sér þá þjónustu sem slíkum sínum fylgir eins og smáskilaboð, Vit og myndskilaboð. Flestir notfæra sér smáskilaboðin, mun færri Vit og ennfærri myndskilaboð enda þarf mun dýrari síma til þess að nýta sér þá þjónustu. Tæpur þriðjungur svarenda notar ferðatölву og mjög fáir lófatölву.



Mynd 8. Nýtirðu þér eitthvað af eftirtöldum samskiptatækjum eða þjónustu?

Greina má töluverðan mun milli bakgrunnsþátta og notkunar á þessum samskiptatækjum og þjónustu. Munurinn tengist aðallega aldri og búsetu. Kynferði hefur ekki áhrif á þetta. Fólk á öllum aldri notar GSM síma en hins vegar er það aðallega fólk yngra en 45 ára sem notfærir sér smáskilaboð²⁷, myndskilaboð²⁸, VIT²⁹ og ferðatölву³⁰.

Segja má að helsta niðurstaðan hér sé sú að fólk í þessum þremur sveitarfélögum býr við mismunandi aðstæður þegar kemur að rafrænum samskiptaleiðum. Það hefur þó ekki hindrað fólk sem býr við lakari tengingar í að notfæra sér þennan möguleika heldur hefur fólk tilhneigingu til þess að

²⁷ (Tau-c=.52;α=.000)

²⁸ (Tau-c=.09;α=.001)


²⁹ (Tau-c=.29;α=.000)

³⁰ (Tau-c=.39;α=.000)

tileinka sér það besta sem völ er á og sættir sig þokkalega við það. Þó má sjá að þó nokkrir hafa ekki tileinkað sér rafrænar samskiptaleiðir og á það sérstaklega við um eldra fólk.

Hefurðu heyrt af eða kynnt þér eitthvað það verkefni sem kallað hefur verið **VIRKJUM ALLA – RAFRÆNT SAMFÉLAG?**

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Aldrei heyrt um það	192	52,9	5,1
Þekki lítið til þess	152	41,9	5,1
Í meðallagi vel	15	4,1	2,0
Mjög vel	4	1,1	1,1
Alls	363	100,0	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Aldrei heyrt um eða þekki lítið %	Þekki í meðallagi vel eða mjög vel %	Mismunur %	Aldrei heyrt um eða þekki lítið á móti þekki í meðallagi vel eða mjög vel %
Heild:	363	94,7	5,3	-89,4	89-
Kyn:					
Karl	188	94,7	5,3	-89,4	89-
Kona	175	94,9	5,1	-89,8	90-
Aldur:					
25 ára og yngri	46	100,0	0,0	-100,0	100-
26-45 ára	143	91,6	8,4	-83,2	83-
46-59 ára	85	93,0	7,1	-85,9	86-
60 ára og eldri	89	98,8	1,2	-97,6	98-
Búseta:					
Húsavík	173	94,2	5,7	88,5	89-
Utan Húsavíkur	190	95,4	4,7	90,5	91-
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	179	98,4	1,7	-96,7	97-
Börn á heimili	178	91,0	9,0	-82,0	82-
Menntun:					
Grunnám	161	99,4	0,6	-98,8	99-
Framhaldsnám	139	92,8	7,2	-85,6	86-
Háskólanám	59	86,4	13,6	-72,8	73-
Tekjur:					
Lágar tekjur	108	95,3	4,6	90,7	91-
Miðlungstekjur	107	93,4	6,5	86,9	87-
Háar tekjur	103	94,2	5,8	88,4	88-

Hefurðu aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu, skóla, á heimili eða annarsstaðar?

	Fjöldi	Hlut-fall*	Vik-mörk
Já, á heimili	278	76,6	4,3
Já, í vinnu	142	39,1	2,7
Já, í skóla	48	13,2	0,9
Já, annarsstaðar	7	1,9	1,4
Nei, hvergi	62	17,1	3,9
Alls	363		

* hlutfall þeirra sem svara




Greiningar:	Fjöldi:	Já, á heimili %	Já, bara utan heimilis %	Nei, hvergi %	Aðgangur að interneti á móti enginn aðgangur að interneti %
Heild:	363	76,6	6,3	17,1	66-
Kyn:					
Karl	188	75,0	6,3	18,6	63-
Kona	175	78,3	6,2	15,4	69-
Aldur:					
25 ára og yngri	46	87,0	10,9	2,1	96-
26-45 ára	143	91,6	6,3	2,1	96-
46-59 ára	85	81,2	7,0	11,8	76-
60 ára og eldri	89	42,7	3,3	54,0	8
Búseta:					
Húsavík	173	79,2	6,9	13,9	72-
Utan Húsavíkur	190	74,2	5,8	20,0	60-
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	178	60,1	9,6	30,3	39-
Börn á heimili	179	95,0	2,9	2,1	96-
Menntun:					
Grunnám	161	67,1	5,5	27,4	45-
Framhaldsnám	139	82,0	8,0	10,0	80-
Háskólanám	59	91,5	3,4	5,1	90-
Tekjur:					
Lágar tekjur	108	57,4	7,4	34,3	32-
Miðlungstekjur	107	79,4	8,4	12,1	76-
Háar tekjur	103	95,1	4,0	2,9	94-

Hefur þú aðgang að háhraðatengingum eða sítengingum (LAN eða ADSL)?

	Fjöldi	Hlut-fall*	Vik-mörk
Já, heima	108	28,2	4,5
Já, bara í vinnu	102	26,6	4,4
Já, bara í skóla	44	11,5	3,2
Já, bara annarsstaðar	11	2,9	1,7
Nei, hvergi	118	30,8	4,6
Alls	383	100,0	

* hlutfall þeirra sem svara




Greiningar:	Fjöldi:	Já, á heimili %	Já, bara utan heimilis %	Nei, hvergi %	Aðgangur að háhraðatengingu á móti enginn aðgangur að háhraðatengingu %
Heild:	294	36,7	23,1	40,2	20-
Kyn:					
Karl	148	31,1	21,6	47,3	5-
Kona	146	42,5	24,7	32,9	34-
Aldur:					
25 ára og yngri	45	48,9	40,0	11,1	78-
26-45 ára	139	39,6	23,7	36,7	27-
46-59 ára	72	34,7	13,9	51,4	13
60 ára og eldri	38	15,8	18,4	65,8	32
Búseta:					
Húsavík	149	56,4	21,5	22,1	56-
Utan Húsavíkur	145	16,6	24,8	58,6	17
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	118	30,5	23,7	45,8	8-
Börn á heimili	174	40,8	22,4	36,8	26-
Menntun:					
Grunnám	114	34,2	18,4	47,4	5-
Framhaldsnám	121	34,7	24,0	41,3	17-
Háskólanám	56	46,4	30,4	23,2	54-
Tekjur:					
Lágar tekjur	67	26,9	23,9	49,3	2-
Meðaltekjur	91	36,3	22,0	41,8	17-
Háar tekjur	100	48,0	22,0	30,0	40-

Hverskonar tenging er við internetið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang?

HEIMA:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
LAN	8	3,0	2,0
ADSL	100	36,3	5,7
ISDN	50	18,3	4,7
Módem	117	42,5	5,8
Alls	275	100,0	

* hlutfall þeirra sem svara




Greiningar:	Fjöldi:	Sitengingar (LAN eða ADSL) %	Upphringisambönd (ISDN eða Módem) %	Mismunur %	Sitenging á móti upphringisambandi %
Heild:	275	39,3	60,7	21,4	21
Kyn:					
Karl	139	33,1	66,9	33,8	34
Kona	136	45,6	54,4	8,8	9
Aldur:					
25 ára og yngri	39	56,4	43,6	12,8	13-
26-45 ára	130	42,3	57,7	15,4	15
46-59 ára	70	35,7	64,3	28,6	29
60 ára og eldri	36	16,7	83,3	66,6	67
Búseta:					
Húsavík	137	61,3	38,7	22,6	23-
Utan Húsavíkur	138	17,4	82,6	65,2	65
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	105	34,3	65,7	31,4	31
Börn á heimili	169	42,0	58,0	16,0	16
Menntun:					
Grunnám	108	36,1	63,9	27,8	28
Framhaldsnám	111	37,8	62,2	24,4	24
Háskólanám	54	48,1	51,9	3,8	4
Tekjur:					
Lágar tekjur	60	30,0	70,0	40,0	40
Miðlungstekjur	84	39,3	60,7	21,4	21
Háar tekjur	98	49,0	51,0	2,0	2

Hverskonar tenging er við internetið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang?

VINNU:

	Fjöldi	Hlut-fall*	Vik-mörk
LAN	35	25,7	7,4
ADSL	69	50,7	8,4
ISDN	17	12,5	5,6
Módem	15	11,0	5,3
Alls	136	100,0	

* hlutfall þeirra sem svara




Greiningar:	Fjöldi:	Sítengingar (LAN eða ADSL) %	Upphringisambönd (ISDN eða Módem) %	Mismunur %	Sítenging á móti upphringisambandi %
Heild:	136	75,6%	23,5%	52,1%	52-
Kyn:					
Karl	61	73,8	26,2	47,6	48-
Kona	75	78,7	21,3	57,4	57-
Aldur:					
25 ára og yngri	14	64,3	35,7	28,6	29-
26-45 ára	79	87,3	12,7	74,6	75-
46-59 ára	34	55,9	44,1	11,8	12-
60 ára og eldri	9	77,8	22,2	55,6	56-
Búseta:					
Húsavík	86	80,2	19,8	60,4	60-
Utan Húsavíkur	50	70,0	30,0	40,0	40-
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	47	66,0	34,0	32,0	32-
Börn á heimili	87	81,6	18,4	63,2	63-
Menntun:					
Grunnám	37	62,2	37,8	24,4	24-
Framhaldsnám	55	78,2	21,8	56,4	56-
Háskólanám	43	86,0	14,0	72,0	72-
Tekjur:					
Lágar tekjur	20	70,0	30,0	40,0	40-
Miðlungstekjur	40	82,5	17,5	65,0	65-
Háar tekjur	60	75,0	25,0	50,0	50-

Hversu oft notar þú internetið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang?

HEIMA:

	Fjöldi	Hlut-fall*	Vik-mörk
Ofar en einu sinni á dag	82	29,9	5,4
Einu sinni á dag	40	14,6	4,2
Eitthvað í hverri viku	94	34,3	5,6
Sjaldnar en einu sinni í viku	38	13,9	4,1
Aldrei eða nær aldrei	20	7,3	3,1
Alls	274	100,0	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Daglega %	Sjaldnar en daglega %	Mismunur %	Daglega á móti sjaldnar en daglega %
Heild:	274	44,5	55,5	11,0	■ 11
Kyn:					
Karl	138	43,5	56,5	13,0	■ 13
Kona	136	45,6	54,4	8,8	■ 9
Aldur:					
25 ára og yngri	40	65,0	35,0	30,0	30- ■ 30
26-45 ára	130	45,4	54,6	9,2	■ 9
46-59 ára	69	42,0	58,0	16,0	■ 16
60 ára og eldri	35	22,9	77,1	54,2	■ 54
Búseta:					
Húsavík	137	48,2	51,8	3,6	■ 4
Utan Húsavíkur	137	40,9	59,1	18,2	■ 18
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	105	38,1	61,9	23,8	■ 24
Börn á heimili	168	48,2	51,8	3,6	■ 4
Menntun:					
Grunnám	107	39,3	60,7	21,4	■ 21
Framhaldsnám	112	44,6	55,4	10,8	■ 11
Háskólanám	54	55,6	44,4	11,2	■ 11
Tekjur:					
Lágar tekjur	60	45,0	55,0	10,0	■ 10
Miðlungstekjur	83	38,6	61,4	22,8	■ 23
Háar tekjur	98	46,9	53,1	6,2	■ 6

Hversu oft notar þú internetið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang?**I VINNU:**

	Fjöldi	Hlut-fall*	Vik-mörk
Ofar en einu sinni á dag	62	44,3	5,9
Einu sinni á dag	14	10,0	3,6
Eitthvað í hverri viku	34	24,3	5,1
Sjaldnar en einu sinni í viku	17	12,1	3,9
Aldrei eða nær aldrei	13	9,3	3,4
Alls	140	100,0	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Daglega %	Sjaldnar en daglega %	Mismunur %	Daglega á móti sjaldnar en daglega %
Heild:	140	54,3	45,7	8,6	9- ■
Kyn:					
Karl	61	59,0	41,0	18,0	18- ■
Kona	79	50,6	49,4	1,2	1-
Aldur:					
25 ára og yngri	14	21,4	78,6	57,2	57
26-45 ára	81	59,3	40,7	18,6	19- ■
46-59 ára	36	55,6	44,4	11,2	11- ■
60 ára og eldri	9	55,6	44,4	11,2	11- ■
Búseta:					
Húsavík	87	56,3	43,7	12,6	13- ■
Utan Húsavíkur	53	50,9	49,1	1,8	2-
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	49	40,8	59,2	18,4	18
Börn á heimili	89	60,7	39,3	21,4	21- ■
Menntun:					
Grunnám	38	31,6	68,4	36,8	37
Framhaldsnám	56	46,4	53,6	7,2	7
Háskólanám	45	82,2	17,8	64,4	
Tekjur:					
Lágar tekjur	20	55,0	45,0	10,0	10- ■
Miðlungstekjur	40	42,5	57,5	15,0	15
Háar tekjur	64	60,9	39,1	21,8	22- ■

Hversu oft notar þú internetið á þeim stöðum þar sem þú hefur aðgang?

Í SKÓLA:

	Fjöldi	Hlut-fall*	Vik-mörk
Ofar en einu sinni á dag	19	39,6	5,8
Einu sinni á dag	12	25,0	5,1
Eitthvað í hverri viku	10	20,8	4,8
Sjaldnar en einu sinni í viku	2	4,2	2,4
Aldrei eða nær aldrei	5	10,4	3,6
Alls	48	100,0	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Daglega %	Sjaldnar en daglega %	Mismunur %	Daglega á móti sjaldnar en daglega %
Heild:	48	64,6	35,4	29,2	29-
Kyn:					
Karl	18	55,6	44,4	11,2	11-
Kona	30	70,0	30,0	40,0	40-
Aldur:					
25 ára og yngri	33	75,8	24,2	51,6	52-
26-45 ára	11	45,5	54,5	9,0	9
46-59 ára	3	33,3	66,7	33,4	33
60 ára og eldri	1	0,0	100,0	100,0	98
Búseta:					
Húsavík	29	69,0	31,0	38,0	38-
Utan Húsavíkur	19	57,9	42,1	15,8	16-
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	18	72,2	27,8	44,4	44-
Börn á heimili	30	60,0	40,0	20,0	20-
Menntun:					
Grunnám	21	57,1	42,9	14,2	14-
Framhaldsnám	20	65,0	35,0	30,0	30-
Háskólanám	6	83,3	16,7	66,6	67-
Tekjur:					
Lágar tekjur	15	80,0	20,0	60,0	60-
Miðlungstekjur	15	60,0	40,0	20,0	20-
Háar tekjur	14	64,3	35,7	28,6	29-

Hversu oft notar þú internetið til að:

EIGA BANKAVÍÐSKIPTI:

	Fjöldi	Hlut-fall*	Vik-mörk
Vikulega eða oftar	94	32,5	5,4
Nokkrum sinnum í mánuði	54	18,7	4,5
Um það bil mánaðarlega	13	4,5	2,4
Nokkrum sinnum á ári	2	0,7	1,0
Aldrei eða nær aldrei	126	43,6	5,7
Alls	289	100,0	



* hlutfall þeirra sem svara


Greiningar:	Fjöldi:	Mánaðar-lega eða oftar %	Sjaldnar en mánaðar-lega %	Mismunur %	Mánaðarlega eða oftar á móti sjaldnar en mánaðar-lega %
Heild:	289	55,7	44,3	11,4	11- ■
Kyn:					
Karl	144	50,7	49,3	1,4	1- ■
Kona	145	60,7	39,3	21,4	21- ■
Aldur:					
25 ára og yngri	45	62,2	37,8	24,4	24- ■
26-45 ára	137	65,7	34,3	31,4	31- ■
46-59 ára	72	44,4	55,6	11,2	■ 11
60 ára og eldri	35	31,4	68,6	37,2	■ 37
Búseta:					
Húsavík	145	61,4	38,6	22,8	23- ■
Utan Húsavíkur	144	50,0	50,0	0,0	0
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	116	42,2	57,8	15,6	■ 16
Börn á heimili	171	64,3	35,7	28,6	29- ■
Menntun:					
Grunnám	112	41,1	58,9	17,8	■ 18
Framhaldsnám	118	59,3	40,7	18,6	19- ■
Háskólanám	56	76,8	23,2	53,3	54- ■
Tekjur:					
Lágar tekjur	66	43,9	56,1	12,2	■ 12
Miðlungstekjur	89	52,8	47,2	5,6	6- ■
Háar tekjur	100	64,0	36,0	28,0	28- ■

Hversu oft notar þú internetið til að:

KAUPA VÖRUR:

	Fjöldi	Hlut-fall*	Vik-mörk
Vikulega eða oftar	5	1,7	1,5
Nokkrum sinnum í mánuði	4	1,4	1,4
Um það bil mánaðarlega	10	3,5	2,1
Nokkrum sinnum á ári	72	25,0	5,0
Aldrei eða nær aldrei	197	68,4	5,8
Alls	288	100,0	

* hlutfall þeirra sem svara




Greiningar:	Fjöldi:	Mánaðar-lega eða oftar %	Sjaldnar en mánaðar-lega %	Mismunur %	Mánaðarlega eða oftar á móti sjaldnar en mánaðar-lega %
Heild:	288	6,6	93,4	86,8	87
Kyn:					
Karl	144	9,0	91,0	82,0	82
Kona	144	4,2	95,8	91,6	92
Aldur:					
